

13. febrúar 2015

## Athugasemdir við drög að Landsskipulagsstefnu 2015-2016

### Umsögn Félags skógareigenda á Suðurlandi

Tillaga til kynningar á Landsskipulagsstefnu 2015-2016 er mikið rit og lögð hefur verið í það mikil vinna. Það ber að þakka.

Við allt regluverk ber að hafa í huga, að það á fyrst og fremst að móta ytri ramma samskipta og umgengnisreglna sem taka tillit til samborgara og samfélagsins alls.

Það sem veldur vonbrigðum í þessum drögum er sú árátt að telja það rétt og eðlilegt að eignarréttur sé lagður til hliðar og sjálfsákvörðunarréttur dreginn í efa og fólki vantroyst til að fara vel með hann.

Gert er ráð fyrir að land verði flokkað eftir nýtingu, „landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti“. Hér, eins og víða annarsstaðar í opinberum gögnum, er skógrækt ekki talin æskileg á landi sem hentar vel til ræktunar. Betri er órækt í gömlu túni en skógur. Skógur má ryðja, skóglendi er ekki óafturkræft til annarra nota, skógur er jafn nauðsynlegur á ræktuðu landi og gras og korn. Akrar í skjóli skóga gefa meira af sér.

Sá sem nýtir land sitt á hagkvæman hátt, þannig að hann afli tekna sér til lífsviðurværis, ræktar það sem hann telur skynsamlegast hverju sinni og þar sem best hentar á hans landi. Bygg þetta árið, reppu það næsta og síðan jólatré, eða það sem eftirspurnin kallar á.

Í búskap, hvort sem um er að ræða hefðbundinn búskap eða skógrækt, verður að horfa til framtíðar og það gerir skógarbóndinn. Akurræktun trjáa, til dæmis aspa, er atvinnugrein sem vert er að horfa til. Ýmsar afurðir skógarins, aðrar en viður, svo sem kurl, spænir, ber og sveppir, eru afrakstur vinnu fólks með hugmyndir og frumkvæði, sem regluverkið hefur ekki náð að hefta.

Það er ótrúlegt að sveitarfélög og ráðuneyti eigi að hafa það vald, að geta ákveðið hvað bændur rækta á jörðum sín og hvar.

Ef eftirspurn eftir landbúnaðarvörum eykst, munu bændur bregðast við því.

Það er hugguleg fyrirhyggja að vernda land gegn skógrækt, ef matvæla- og kornverð skyldi fara hækkandi í Evrópu á næstunni, sbr.kafla Um markmið 2.3. Varðandi fjölgun ferðamanna hefur matvælaframleiðsla aukist í takt við eftirspurn. Bændum er vel treystandi til að halda takti áfram í þeim dansi. Skógrækt er atvinnugrein sem skógarbændur eru að byggja upp. Það er ekki auðvelt, þar sem endalaust virðist sem misskilnings og vanþekkingar gæti hjá þeim sem smíða regluverkin. Skógur er mikilvægur þáttur í ræktun þessa lands, mikilvægur við eflingu matvælaframleiðslu, skógur gefur möguleika á fjölbreyttri framleiðslu skógarafurða.

Það fylgir því ekki mikil farsæld, að regluverkið hefti og tefji framsækni til nýrra atvinnuhátta. Þróun og framfarið byggjast upp í skjóli öruggra stjórnarhátta, þar sem frumkvæði og frelsi til athafna fær að njóta sín, enda er þeim best treyst til bestu nýtingar lands, sem hafa af því sitt lifibrauð.

Um þessar mundir efla nágrannar okkar í Evrópu skógrækt, til að vera betur búnir undir holskeflur, vera sjálfum sér nógir, hvort sem verða áföll af mannavöldum, eða að náttúruöflin ygli sig, að ekki sé talað um þörf fyrir aukna bindingu kolefnis. Það er undarlegt, að þrátt fyrir að skógarbændur hafi í mörg ár vakið athygli á mikilvægi skógarins þegar metin er losun kolefnis á móti bindingu, er því lítt gaumur gefinn. Það, eins og annað er varðar skógrækt, er þvert á það sem nágrannar okkar telja mikilvægt. Skógarbændur hafa ítrekað óskað eftir því að kolefnisbinding verði talin til afurða skógarins, á það er lítið hlustað. Í þessum drögum er tíðrætt um mikilvægi þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, en minna um að auka bindingu kolefnis.

Það sem vantar í þessi drög, er sú forsenda að í þessu landi býr vel gert fólk með metnað og þor, sem hefur áhuga og ánægju af að rækta og nýta landið á þann hátt að afurðir þess gefi af sér hagsæld og betra líf hér á landi. Þann metnað hafa bændur sýnt, einnig skógarbændur. Það á að reikna með að bændum sé sjálfum best treystandi til að bregðast við þörfum markaðarins og þrói með sér nauðsynlegan sveigjanleika við nýtingu lands. Enda vita þeir best, að ef nýting lands er ekki á skynsamlegum nótum, má allt eins slátra mjólkurkúnni.

Með vinsemd og virðingu,

María E. Ingvadóttir

Formaður Félags skógareigenda á Suðurlandi